

Þingsályktun

um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun
í starfi vegna aldurs.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnsmálaflokka á þingi og skili nefndin álitin innan eins árs.

Samþykkt á Alþingi 15. mars 2003.